

15/08/2023

## Upplýsingar um heimavist og mótuneyti Verkmenntaskóla Austurlands

Heimavistin að Nesgötu 40 verður opnuð nemendum **sunnudaginn 20. ágúst 2023 kl. 16:00.**

- **16:00 – 17:00** Undirritun húsaleigusamninga og afhending herbergja/lykla
- **17:00** Fundur í matsal með skólameistara, umsjónaraðila heimavistar, húsverði og matráði
- **18:00** Léttur kvöldverður

**Foreldrar/forráðamenn þurfa að mæta með nemendum yngri en 18 ára og undirrita með þeim húsaleigusamning.**

### [Hér má sjá ýmsar gagnlegar upplýsingar um heimavistina!](#)

Leiga á haustönn 2023:

- |   |            |
|---|------------|
| • Leiga* pr. einstakling í tveggja manna herbergi - verð pr. mánuð:             | • 20.000.- |
| • Leiga* pr. einstakling í eins manns herbergi - verð pr. mánuð:                | • 28.000.- |
| • Tryggingargjald - verð fyrir skólaárið (endurgreitt ef við á í lok annar/árs) | • 10.000.- |
- \* Ath. rukkuð er leiga fyrir 4 mánuði á önn

Á heimavistinni eru eldhúskrókar til afnota fyrir nemendur. Í þeim eru öll nauðsynleg tæki s.s. ísskápur, örbylgjuofn, brauðrist o.fl. Góð umgengni er forsenda þess að sambylí um eldhúskróka gangi vel.

Nemendur hafi með sér:

- Sæng og koddá
- Lín til einkaafnota, s.s. rúmföt og handklæði
- Leirtau til eigin afnota í eldhúskrókum en þar sér hver um sitt

Nemendur fá almennar hreinlætisvörur, s.s. salernispappír og handsápu á heimavistinni.

Mötuneyti:

- Kostnaður fyrir fimm daga fæði á haustönn er alls 262.000 kr, innifalið í því er morgunverður 5 daga vikunnar og hádegis- og kvöldmat (kvöldmáltíð á föstudagskvöldum er ekki innifalin þar sem mótuneytið er lokað um helgar).
- Hótel Hildibrand sér um hádegisverð (í matsal í bóknámshúsi skólans) og kvöldverður er á hótelinu (Hafnarbraut 2). Hildibrand rukkar fyrir þær máltíðir 226.500 kr sem hægt er að skipta í 4 greiðslur ef það hentar betur.
- VA rukkar fyrir morgunverðinn 35.500 kr og hann framreiddur á heimavistinni.

[Matseðil má nálgast á heimasíðu skólans](#) og einnig á [Facebook síðu Matfélagsins](#).

Mýrargötu 10  
740 Fjarðabyggð

Netfang: [va@va.is](mailto:va@va.is)  
Heimasíða: [www.va.is](http://www.va.is)

Sími 477 1620  
Fax: 477 1852



Við erum með sameiginlegan hóp á Facebook þar sem einungis eru vistarbúar, forráðafólk og starfsfólk sem tengist heimavist eða vistarbúum. Hópurinn heitir Heimavist VA. Þar getið þið óskað eftir aðgangi. Það virkar best að koma upplýsingum til allra með því að setja þær í þennan hóp.

[Hér má finna heimavistarreglur](#) og eruð þið beðin um að kynna ykkur þær vel áður en dvöl hefst. Við viljum að öllum líði vel á vistinni, þetta er ykkar heimili, þar eiga allir skjól.

Verið velkomin á heimavistina

Eydís Ásbjörnsdóttir  
skólameistari  
sími 891 7018

Jóhann Tryggvason  
húsvörður  
sími 866 2230